



„Vellíðan og færni í ævintýraferðum“



Krikaskóli 2019-2020

Nafn skóla: Krikaskóli

Nafn verkefnisins: Vellíðan og færni í ævintýraferðum

Nafn verkefnisstjóra: Sveinlaug Sigurðardóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS – 124. Skólaárið 2019-2020.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Aðalmarkmið fyrirhugaðs verkefnis er að auka vellíðan og færni barna í þeim ævintýralegu og ótal námstækifærum sem gefast í útikennslu með öllum aldurshópum skólans.

Efla og nýta námstækifærin sem gefast til skapandi hugsunar, listsköpunar og þess að njóta eigin lista og annarra. Gefa börnunum færi á að svala forvitni sinni fyrir verk- og tækniþekkingu með rannsóknum og tilraunum í náttúrunni. Bæði í alls kyns ævintýraferðum og viðfangsefnum í nærumhverfinu. Það yrði í senn markmið og leið að gefa börnunum færi á að sökkva sér í viðfangsefni á sínum eigin forsendum. Efla sjálfsvitund þeirra og samskiptahæfni. Styrkja þau í þekkingarleit sinni og gefa þeim tíma til að upplifa og njóta svo þau öðlist dýrmæta reynslu sem gæti gagnast þeim til framtíðar. Skapa vettvang fyrir verklegt nám og fyrstu handar þekkingu á vettvangi.

Með fyrirhuguðum vettvangs- og ævintýraferðum verður áhersla lögð á upplifun barnanna, vellíðan, uppgötvunarnám, sveigjanleika og leikinn sem námsleið. Í ferðunum verður lögð áhersla á að öllum líði vel, að hver og einn fái að njóta sín á sínum forsendum, bæði með sjálfum sér og öðrum. Börnin fái tækifæri til að uppgötva og kanna umhverfi sitt, rannsaka, leika og læra. Grunnþættir menntunar yrðu þétt samofnir í þessu verkefni þó ekki séu þeir í forgrunni sem markmið verkefnisins. Sveigjanleiki er lykilatriði til að grípa augnablikin og þau námstækifæri sem verða á veginum hverju sinni. Ytri þættir eins og árstíðir og umhverfi verða því svigrúm til að njóta allra skilningarvitanna, hlusta, horfa, lykta, snerta.

Markmiðið er fyrst og fremst að njóta. Að líða vel, fá að ígrunda, velta vöngum. Ekki vera á leiðinni frá A til B, á takmörkuðum og tilsettum tíma, eða með fyrirfram niðurnjörvuð verkefni. Markmiðið er að fá að upplifa með sjálfum sér og njóta með félögum, slaka á og upplifa frelsi. Hafa tíma til að hlæja og leika sér. Hafa tíma og svigrúm til samvinnu. Fá tækifæri til að lenda í árekstrum við önnur börn og tíma til að leysa vanda. Skapa svigrúm þar sem börnin geta tekist á við þær áskoranir sem þau kjósa, nota ímyndunaraflíð og skapa eigin list, hvort heldur er í snjó eða sandi. Gera verklegar tilraunir með umhverfið og náttúruna, skoða, skapa og rannsaka á eigin forsendum. Fá að kynnast eigin mörkum og láta á þau reyna, prófa að fara út fyrir þægindarammann sinn, ögra sjálfum sér, eflast og styrkja sjálfsmýndina.

Það að smyrja sér brauðsneið í nesti og bera sinn mal er ein af fjölmörgum áskorunum sem tilheyra í fyrirhuguðu verkefni og eitt af þeim raunverulegu sem tilheyra lýðræðislegum náms- og kennsluháttum Krikaskóla.

Ferðirnar yrðu fyrst og fremst farnar út í náttúruna með tilbrigðum við árstíðirnar, í mismunandi veðri og upplifa börnin þannig hita, kulda, bleytu og vind og fá að virkja það allt á sinn hátt þegar hugaraflið kallar. Upplifa og skapa eigin ævintýri.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Í upphafi skólaársins hélt verkefnastjóri kynningu fyrir alla starfsmenn skólans þar sem farið var yfir markmið og áætlun verkefnisins.

Allir árgangar skólans, fyrir utan 3. og 4.bekk, fengu ákveðinn dag og tíma fyrir ævintýraferðir 1x í viku. Hverjum árgangi var skipti í smærri hópa út frá aldri og þroska. Markmiðið var að hvert barn næði að fara 1-2x í mánuði í ferð. Skipulag ferðanna var að mestu leyti með svipuðu sniði og verið hafði árin á undan en þá höfðu einungis leikskólabörnin farið í ævintýraferðir með verkefnastjóra. Grunnskólabörnin höfðu áður fengið útínám með öðru sniði, t.d. í útismiðjum með verkefnastjóra og ferðir með sínum umsjónarkennurum. Með tilkomu verkefnisins voru ævintýraferðir með verkefnastjóra settar á dagskrá 2.bekkjara auk þess sem 1.bekkur og 5 ára börnin urðu að einu teymi og fóru því saman í ferðir.

Verkefnastjóri verkefnisins fór í allar ferðirnar og 1-2 starfsmenn með til viðbótar en fjöldi fullorðinna fór eftir stærð hópsins, aldri og þroska barnanna.

Ferðirnar voru frá 30-40 mín. upp í 5 klst en lengdin fór eftir aldri barnanna og veðri. Oftast var farið gangandi á staði í nærumhverfinu en stundum með strætó lengra í burtu. Náttúruleg svæði nærumhverfisins voru nýtt til hins ítrasta s.s. Lágafellið sem er rétt fyrir ofan skólann, skógurinn á Meltúnsreit sem er stutt frá, Varmáin og umhverfið í kringum hana. Einnig var einstaka sinnum farið í almenningsgarða, leikvelli og aðrar skólalóðir. Ýmsir þættir höfðu áhrif á það hvert var farið í ferðunum hverju sinni, s.s veður, áhugi barnanna, samsetning barnahópsins og stemningin í hópnum þann daginn. Farið var í ferðir í öllum veðrum en lögð áhersla á að klæða sig eftir veðri. Tímalengd, vegalengd og áfangastaðir ferðanna réðust þó oft af veðri og vindum og voru börnin þátttakendur í að lesa í veðrið og velja áfangastað út frá því.

Í ævintýraferðunum var ekki fyrirfram ákveðið hvað við ætluðum að gera nákvæmlega, þó vissulega væru ákveðin markmið með ferðunum. Oftast vorum við með einhvern stað í huga sem við stefndum á og sáum svo til hvað gerðist þar og á leiðinni. Stundum komumst við ekki á upphaflegan áfangastað þar sem eitthvað heillandi fangaði athygli okkar á leiðinni. Mikil áhersla var lögð á afslappað andrúmsloft og sveigjanleika. Við nutum augnabliksins og upplifðum það sem varð á vegi okkar hverju sinni. Núvitund var okkur ofarlega í huga og gáfum við góðan tíma til að njóta þess sem upp kom. Áherslan var fyrst og fremst á að uppgötva með því að vera forvitin og læra með því að prófa sig áfram („learning by doing“). Þegar stoppað var á leiðinni eða við komin á áfangastað var lögð áhersla á frjálsan leik barnanna og það nám sem á sér stað í gegnum leikinn. Gefinn var tími fyrir langan samfelldan leik án þess að brjóta hann upp. Ef við vorum með nesti þá stundum var leikurinn brotinn upp til að borða en oft var borðað í bland við leik. Hugmyndaflug barnanna og sköpun réði ferðinni í frjálsa leiknum en fullorðnir voru börnunum innan handar eftir þörfum, spurðu opinna spurninga og studdu við þróun leiksins þegar/ef við átti. Alltaf var lögð áhersla á vellíðan og umhyggju.

Til að afmarka og dýpka betur ákveðna þætti verkefnisins setti verkefnastjóri upp ákveðinn áhersluþátt fyrir hvern mánuð yfir skólaárið. Í byrjun hvers mánaðar fengu allir starfsmenn og foreldrar upplýsingar um þann áhersluþátt ásamt tillögum að leiðum til að vinna með hann. Mánaðarlegu áherslurnar voru eftirfarandi (sjá nánar í fylgiskjölum):

- Ágúst og september: Umhyggja, hlýja, öryggi.
- Október: Samkennd, vinátta, samvinna.
- Nóvember: Sveigjanleiki.
- Desember: Slökun, afslöppuð stemning.
- Janúar: Þrautseigja, seigla.

- Febrúar: Frelsi.
- Mars: Sköpun, hugmyndaflug, ímyndunarafli.
- Apríl og maí: Áhætta, fara út fyrir þægindarammann.
- Júní: Njóta lífsins.

Til viðbótar voru svo almenn markmið gegnumgangandi allan tímann en þau atriði voru:

- Velliðan
- Gleði
- Frjáls leikur
- Sköpun

Að sjálfsgöðu bjuggu svo veður og árstíðir til ákveðin þemu jafnóðum sem við höfðum vissulega enga stjórn á.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Upphaflega var lagt upp með að allir árgangar skólans, frá 2-9 ára, tækju þátt í verkefninu og færu í ævintýraferðir með verkefnastjóra. Við nánari skipulagningu kom í ljós að hvorki var tími né svigrúm í stundatöflu verkefnastjóra til að fara í ferðir með öllum árgöngum vikulega. Því var ákveðið í upphafi skólaárs að sleppa elstu nemendum skólans, 3. og 4.bekk, í þessari atrennu, frekar en að fækka skiptum hinna árganganna. 3. og 4.bekkur fékk að njóta annars konar útináms með sínum umsjónarkennurum.

Vegna Covid-19 faraldursins og breyttra aðstæðna í skólastarfi vegna þess, varð breyting á verkefninu á meðan sá tími stóð yfir. Verkefnastjóri var að læknisráði sendur í „varnarsóttkví“ en aðrir kennarar og starfsmenn sinntu útinámi með örlítið breyttu sniði. Aðal áherslur skólastarfsins á þessum tíma rímuðu vel við þau þau markmið sem sett voru í þessu verkefni s.s. velliðan, frjáls leikur, útivera, núvitund og draga úr streitu og áreiti.

Í apríl og maí áttu mánaðarlegar áherslur verkefnisins að vera „Áhætta, fara út fyrir þægindarammann“. Á Covid-19 tímanum fóru augljóslega allir út fyrir sinn þægindaramma og var það áskorun sem tekist var á við í sameiningu með góðum árangri.

Þegar ævintýraferðir með verkefnastjóra hófust aftur í maí þurftum við að byrja aðeins á að hrista hópana saman og fara í stuttar ferðir á kunnuglegar slóðir. Það tók okkur þó mjög stuttan tíma að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og í júní tókst okkur að njóta lífsins vel í ferðunum, sem einmitt var upphaflegt áhersluatriði júnímánaðar.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Lítið var um hindranir við vinnu verkefnisins. Eini vandinn sem upp kom var við hið nýja fyrirkomulag við blöndun 5 og 6 ára barnanna. Við þá blöndun fjölgaði börnum á hvern starfsmann og við það urðu hóparnir stærri en 5 ára hóparnir voru áður. Það varð til þess að erfiðara var að ná markmiðum um lítið áreiti og afslappaða stemningu, þó það næðist að hluta til. Með stærri hópum verður óneitanlega meiri erill og minna næði. Vegna byrjunarörðugleika í skipulagi við blöndun 5 og 6 ára barna varð einnig erfiðara að fara í lengri ferðir með strætó, t.d. í miðbæ Reykjavíkur, eins og áður var venjan með 5 ára hópinn. Endurskoða þarf skipulag hópanna með þessum aldurshópum fyrir næsta skólaár.

Covid-19 tíminn setti vissulega strik í reikninginn en eins og áður hefur komið fram var skólastarfið og þar með útinámið með öðru sniði á þeim tíma.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Verkefnið hafði í för með sér aukna vellíðan barna og þeirra starfsmanna sem nutu þess að fara með í ferðir. Ferðirnar voru streitulosandi fyrir marga, bæði börn og fullorðna. Starfsmenn höfðu orð á því hvað þeim leið vel í ferðunum og sérstaklega úti í skógi. Þeim fannst gott að fá næði úti í náttúrunni, laus við áreiti og eril sem fylgir bæði skólastarfi og daglegu lífi.

Í ferðunum áttu sér stað mörg djúp og góð samtöl, bæði milli fullorðinna og barna, barna á milli sem og fullorðinna sín á milli. Sú faglega ígrundun sem þar átti sér stað dýpkaði fagvitund starfsfólksins og jók almennan áhuga og skilning þeirra á útinámi og frjálsum leik.

Ferðirnar höfðu einnig jákvæð áhrif á sjálfsmynd barnanna sem efldust við hverja ferð. Þau tókust á við krefjandi áskoranir og upplifðu mikið stolt og gleði þegar þeim tókst ætlunarverkið – hvort sem það var stórt eða smátt. Líkamlegt þol og úthald jókst einnig hjá mörgum börnum sem og seigla og styrkur – bæði andlegur og líkamlegur.

Frá foreldrum komu jákvæð viðbrögð við mánaðarlegum sendingum um áherslupættina og einnig eftir ferðirnar sjálfar. Foreldrar nefndu að þau væru ánægð með ferðirnar og sögðu að upplifanir barnanna og gleðin skiluðu sér heim. Foreldrar nefndu einnig að í kjölfar ferðanna kenndu börnin þeim ýmislegt um náttúruna, miðluðu sinni reynslu og þekkingu. Þau sýndu þeim gjarnan nýja staði og önnur sjónarhorn á náttúruna og hvernig hægt er að upplifa hana.

Sjá nánar í niðurstöðum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Ævintýraferðirnar hafa undanfarin ár verið smám saman að þróast í skólastarfi Krikaskóla. Með þessu verkefni náði það að festa rætur og hefur þar með haft áhrif á skólastarfið í heild sinni. Með verkefninu tókst að kveikja frekari áhuga starfsfólks á útinámi skólans og dýpri skilning á því námi sem á sér stað í ævintýraferðum. Með því að afmarka ákveðna mánaðarlega þætti, skrá og meta reglulega náðist meiri fagleg dýpt í útináminu og ævintýraferðunum.

Niðurstöður verkefnisins

Markmið verkefnisins náðust að nánast öllu leyti. Vellíðan og færni barnanna í ferðunum efldist jafnt og þétt. Sjálfsmynd þeirra og öryggi jókst með hverri ferð og virtust börnin njóta sín vel. Þeim tókst að gleyma sér í skapandi frjálsum leik, uppgötva og læra á eigin forsendum, gera tilraunir, mistakast, prófa sig áfram og eflast. Góður tími gafst til að njóta augnabliksins og í ferðunum skapaðist sú stemning sem leitast var eftir, þ.e. afslöppuð stemning og lítið um streituvalda.

Börnin fengu mörg tækifæri til að efla félagsfærni sína í ýmis konar samskiptum, samvinnu, árekstrum, leik og áskorunum í ferðunum. Bæði börn og starfsfólk virtust öðlast dýpri tengingu við náttúruna, veðrið og sjálft sig, eins og stefnt var að. Börn og starfsfólk upplifði vellíðan við dvölinna í náttúrunni og var ánægt með ferðirnar. Ferðirnar virtust auka áhuga margra barna á útivist og

nefndu foreldrar að áhrifin skiluðu sér heim. Ferðirnar opnuðu einnig augu starfsmanna á aukinni útvist og þeim tækifærum sem nærumhverfið býður upp á.

Stefnt er að því að ævintýraferðir og útinám haldi áfram að vera hluti af skólastarfi Krikaskóla og hlökkum við til að þróa það enn frekar.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Kynning á verkefninu mun fara fram á ráðstefninni „Öll börnin okkar: Hvernig komum við til móts við fjölbreyttan nemendahóp?“ sem er á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Ráðstefnan verður haldin í ágúst 2020.

Einnig verður erindi um verkefnið á málþinginu „Bara leikur?“ í október 2020. Það málþing fjallar um frjálsan leik og er á vegum Félags leikskólakennara.

Einnig er stefnt að því að halda ljósmyndasýningu á myndum úr verkefninu á haustönn.

Fylgiskjöl:

- Almennar áherslur
- Mánaðarlegar áherslur:
 - Ágúst og september: Umhyggja, hlýja, öryggi.
 - Október: Samkennd, vinátta, samvinna.
 - Nóvember: Sveigjanleiki
 - Desember: Slökun, afslöppuð stemning.
 - Janúar: Þrautseigja, seigla
 - Febrúar: Frelsi
 - Mars: Sköpun, hugmyndaflug, ímyndunarafli.
- Ljósmyndir úr verkefninu

Almennar áherslur í ævintýraferðum og útinámi

- Velliðan
- Gleði
- Frjáls leikur
- Sköpun



Áherslur verða að auki alltaf árstíðabundnar sem ráðast af náttúrunni, gróðrinum og veðrinu hverju sinni.



Ágúst og september

- Umhyggja
- Hlýja
- Öryggi

Hafa í huga:

- Fara á öruggar slóðir í nærumhverfinu
- Styrkja tengslin
- Hrista saman hópana – finna hvernig stemning er í hverjum hópi
- Setja mörk – skýrar línur og einfaldar reglur
- Sýna hlýju og umhyggju – bæði börnum og starfsfólki
- Gefa tíma og rými til að hugga eins lengi og þörf er á
- Bjóða fang/kjöltu þegar hægt er
- Gefa tíma og rými fyrir knús og nánd
- Sýna því áhuga sem börnin vilja spjalla um



Október

- Samkennd
- Vinátta
- Samvinna



Hafa í huga:

- Fylgjast með frjálsa leiknum og taka eftir samvinnu þegar hún á sér stað milli barnanna. Setja orð á það með þeim.
- Ræða samvinnu og hvernig við áorkum oft meiru með því að hjálpast að.
- Ýta undir samvinnu þegar það á við, t.d. með því að:
 - hvetja þau til að hjálpa hvert öðru ef þau þurfa aðstoð, t.d. við að setja utan yfir stígvélin o.fl.
 - dreifa því sem þarf að bera, t.d. nestinu, og hjálpast svo að við að taka upp úr töskunum og safna öllum matnum saman. Ræða hvernig ein/n gæti ekki borið svona mikið en það er hægt þegar öll hjálpast að.
 - búa til samvinnuverkefni t.d.
 - færa þungan bekk öll saman. Ræða í leiðinni hvernig ein/n gæti ekki lyft svona þungu en með því að hjálpast að er það hægt.
 - byggja saman sandkastala
- Gefa tíma og rými fyrir samkennd
 - Ef einhver meiðir sig, gefa góðan tíma fyrir tilfinningarnar og að hugga
 - Ef eitthvað týnist, hjálpast öll að við að leita
 - Setja orð á tilfinningar
 - Gefa góðan tíma til að ræða líðan og hughreysta ef það á við
- Ræða um vináttu, t.d.
 - Hvað er vinátta?
 - Hvað gera vinir?
 - Hvernig er maður góður vinur?
- Er nauðsynlegt að leiða félagi í ævintýraferð ef maður vill það ekki?
 - Er hægt að fara aðrar leiðir til að halda hópinn þegar það á við?
 - Hvar er það nauðsynlegt öryggisins vegna og hvar ekki?



Nóvember

- Sveigjanleiki



Hafa í huga:

- Vera sveigjanleg gagnvart ólíkum þörfum mismunandi einstaklinga.
- Grípa augnablikið og þau tækifæri sem verða á vegi okkar hverju sinni - gefa okkur tíma til að njóta þess óvænta, ekki vera of upptekin af áfangastað eða tíma.
- Vera sveigjanleg og opin fyrir hugmyndum, t.d. því sem börnin stinga upp á að gera.
- Hugsa okkur vel um áður en við segjum nei - oft erum við svo fljót að segja nei án þess að hugsa það til enda. Sérstaklega ef hugmyndin er eitthvað sem við höfum ekki prófað áður og/eða er út fyrir þægindarammann okkar.
- Þora að prófa eitthvað nýtt og öðruvísi.
- Skapa svigrúm þar sem börnin geta prófað það sem þeim dettur í hug og notað ímyndunaraflíð. Ekki stoppa börnin af í sínum leik og tilraunum nema þegar nauðsynlegt er.
- Börnin þurfa að fá að gera tilraunir með umhverfið og náttúruna, skoða og rannsaka á eigin forsendum. Fá að kynnast eigin mörkum og láta á þau reyna, prófa að fara út fyrir þægindarammann sinn, ögra sjálfu sér og smám saman valdeflast og styrkja sjálfsmýndina.
- Muna að gefa tíma og rými fyrir upplifanir barnanna á þeirra forsendum, að þau fái að upplifa með sjálfu sér og umhverfinu. Fá að upplifa og njóta með félögunum. Hafa tíma til að hlæja og leika sér frjálst. Hafa tíma og svigrúm til að efla félagsfærni og samvinnu í gegnum samskipti. Fá tækifæri til að lenda í árekstrum við önnur börn og tíma til að leysa vandamál.



Desember

- Slökun
- Afslöppuð stemning



Hafa í huga:

- Desember er oft erilsamur mánuður hjá mörgum.
 - Mikið áreiti af auglýsingum, bæði á börn og fullorðna.
 - Jólaundirbúningur á heimilum t.d. meira búðaráp o.fl.
 - Jólaundirbúningur í skólanum s.s. jólaföndur o.fl.
- Mikill spenningur fyrir jólunum – sérstaklega hjá börnum.
 - Spenna eykur streitu.
- Njóta náttúrunnar og slökunarinnar sem felst í því að vera þar án áreitis.
- Reyna að skapa eins afslappaða stemningu og hægt er.
- Engan asa, ekki flýta okkur á milli staða.
- Gefa tíma fyrir slökun og staldra við.
- Nýta umræður um jólin til að spjalla um mikilvægi umhyggju, vináttu og fólks sem okkur þykir vænt um, en ekki bara pakka og veraldlegar gjafir.
- Tala um þakklæti og hvað við erum þakklát fyrir.
- Njóta myrkursins og kuldans ásamt notalegheitunum sem geta fylgt því, t.d.
 - horfa á jólaseríurnar og jólaljósín
 - við kertaljós/eld
 - leika með vasajós
 - drekka kakó/aðra heita drykki
- Skapa rólegar stundir saman í ferðunum, t.d. inni í skógarrjóðri og kynna í leiðinni gömlu íslensku jólaævintýrin, t.d. með kveðskap o.fl.:
 - Fara með grýlukvæði
 - Fara með kvæðið um jólaköttinn – syngja lagið líka
 - Fara með kvæðið um gömlu jólasveinana – syngja lagið líka



Janúar

- Þrautseigja
- Seigla



Hafa í huga:

- Janúar er dimmur og oft kaldur mánuður.
- Mörgum finnst erfitt að fara á fætur í myrkrinu.
- Mörgum finnst erfitt að byrja aftur hversdagslega rútínu eftir jólafrí.
- Þurfum oft að nota seigluna til að koma okkur í gang í janúar.
- Látum veðrið ekki stoppa okkur í að njóta útvistar.
- Klæðum okkur vel og eftir veðri – þá líður okkur betur úti. Munum eftir ullinni í frosti.
- Förum frekar út í stutta stund en að sleppa því. Það er hressandi að fá frískt loft, þó það sé bara í stutta stund.
- Fullorðnir eru fyrirmyndir barna - styrkjum jákvætt viðhorf til íslensks veðurfars.
- Stundum er mikill snjór og líkamlega erfitt að ganga í djúpum snjónum, þá reynir á þrautseigju og úthald.
- Oft er hálka og það krefst varfærni en um leið þrautseigju að æfa sig að ganga í hálku.
- Stundum er mikill vindur og/eða snjóbylur í janúar og þá þurfa sum að stíga út fyrir þægindarammann og láta vaða út í veðrið. Þannig eflum við hugrekki og þrautseigju.
- Oft skapast krefjandi aðstæður en það styrkir okkur og eflir. (Hugum auðvitað að öryggi og gerum ekkert óskynsamlegt eða of hættulegt).
- Oft skapast mjög góðar minningar í „óveðursgöngu“, snjóbyl eða annars konar krefjandi ævintýrum.
- Eflum þrautseigju og seiglu með því að gera eitthvað sem okkur finnst erfitt/krefjandi.
- Gerum hluti sem geta tekið langan tíma og krefjast þrautseigju, t.d. að byggja snjóhús.
- Hvetjum áfram og hrósum fyrir erfiði s.s. að labba í djúpum snjó, upp brekku o.fl. „Nú varstu seig“ o.s.frv.




Febrúar

- **Frelsi**

Hafa í huga:

- Gefa rými fyrir frelsi
- Skapa aðstæður þar sem er hægt að upplifa frelsistilfinningu og fá útrás
- Leyfa frjálsa leiknum að njóta sín
- Gefa tíma fyrir langan samfelldan frjálsan leik
- Gefa börnunum næði svo þeirra eigin leikur náí að verða til – sjálfsprottinn leikur
- Leyfa forvitni barnanna að njóta sín og stýra för
- Gefa tíma og rými til að börnin geti skoðað, prófað og gert sjálfsprottinn tilraunir með umhverfi sitt – uppgötvunarnám – „learning by doing“
- Leyfa ímyndunaraflinu að blómstra
- Þjóða upp á opinn efnivið sem ýtir undir frjálsan og skapandi leik
- Taka eftir samskiptum og félagsfærni sem eflist í frjálsum leik
- Gefa börnunum færi á að leysa sjálf ágreining sem upp kemur – grípa inn í ef nauðsynlegt er en ekki vera of fljót á okkur
- Spyrja opinna spurninga
- Í frjálsum leik fer fram mikið og fjölbreytt nám s.s. málþroski, hreyfiþroski, félagsþroski o.fl.
- Taka eftir „litlu hlutunum“ í leiknum



Mars

- Sköpun
- Hugmyndaflug
- Ímyndunarafl

Hafa í huga:

- Gefa tíma og rými fyrir sköpun
- Vera á svæðum þar sem sköpun getur notið sín
- Vera þar sem er opinn efniviður t.d. náttúrulegt leikefni eins og prik, drumbar, steinar, snjór, klaki, pollar, gróður, tré o.fl.
- Leyfa hugmyndafluginu að njóta sín
- Leyfa ímyndunaraflinu að taka völdin
- Taka vel í óhefðbundnar hugmyndir barnanna
- Taka vel í óvenjulegar sögur og „bull“-leiki sem börnin taka upp á
- Styðja við sköpun og skapandi leiki með því að spyrja opinna spurninga
- Gefa tíma fyrir skapandi hugsun, vangaveltur og umræður
- Gefa tíma og rými fyrir frjálsar tilraunir með opinn efnivið

“Má bjóða þér ormapylsur?”



“Ertu nokkuð með hita?”



Ljósmyndir úr verkefninu:









Mosfellsbær, 15.júní 2020

Undirskrift verkefnisstjóra

Sveinlaug Sigurðardóttir

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

Þorvaldur Hjelm